

Miðvikudaginn 30. marz 1938.

Nr. 11/1938. **Garðar S. Jónsson**

gegn

Kristni P. Friðrikssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður. Áfrýjandi, Garðar S. Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 4. apríl 1938.

Nr. 139/1937. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Harry Cecil Hall (Pétur Magnússon).

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Foringinn á varðbátnum „Hafaldan“ hefir markað á sjóuppdrátt staði varðbátsins kl. 2.40, 2.54 og 3.10 þann 22. ágúst 1937 og miðunarlinur frá tveimur síðastgreindum stöðum til skips kærða, G. Y. 458 St. Minver, samkvæmt mælingum þeim, er þá voru gerðar, og enn fremur stað þann, þar sem varðbáturinn kom að nefndum togara og setti út dufl kl. 3.35, og loks stað þann, þar sem togarinn lá fyrir akkeri kl. 4.00, eftir að hann hafði dregið inn botnvörpuna. Sjóuppdráttur þessi, sem lagður var fram í lögregluréttinum, hefir fylgt málinu til hæstaréttar. Þá hefir einnig verið lagður fram í hæstarétti sjóuppdráttur, sem forstöðumaður stýri-

mannaskólans í Reykjavík hefir markað á staði varðbátsins samkvæmt mælingum þeim og miðunum, sem á honum voru gerðar kl. 2.40, 2.54, 3.10, 3.35 og 4.00 greindan dag, og ennfremur miðunarlinuna til skips kærða frá varðbátnum kl. 2.54 og 3.10 og loks stað varðbátsins samkvæmt staðarákvörðun þeirri, sem á honum var gerð þann 26. ágúst 1937 kl. 5.10.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, var varðbáturinn „Hafaldan“ staddur út af Melrakkanesi sunnudaginn 22. ágúst 1937. Var þá gerð á honum svofelld staðarákvörðun kl. 2.40.

Raufarhafnarviti $\neq$ Melrakkanesi og hornið til austurkants á Afrétt 106° .

Þaðan var haldið í réttvísunarstefnu 120° . Kl. 2.54, þegar Viðarfjall $\neq$ austurkant á Afrétt, sást ljóslaust skip á stjórnborða, sem miðaðist í réttvísunarstefnu 129° og reyndist það síðar vera skip kærða. Staður varðbátsins kl. 2.54 hefir, svo sem fyrr segir, verið markaður á sjóupprátt bæði af varðbátsforingjanum og forstöðumanni stýrimannaskólans. Af mörkunum varðbátsforingjans á sjóuppráttinn sést glögg, við hvaða stað í Viðarfjalli er miðað, þ. e. nyrðra kennileitið á fjallinu, og hefir forstöðumaður stýrimannaskólans einnig markað stað varðbátsins á sjóupprátt miðað við þann stað. Samkvæmt nefndum mörkunum varðbátsforingjans og forstöðumanns stýrimannaskólans er staður varðbátsins kl. 2.54 innan landhelgislinunnar, og sömuleiðis er þá miðunarlinan frá varðbátnum til skips kærða öll innan landhelgislinunnar. Sást og togarinn þá til stjórnborða frá varðbátnum, en samkvæmt stefnu þeirri, sem varðbáturinn hafði þá, hefði togarinn ekki átt að sjást á stjórnborða frá

honum, nema hann (togarinn) væri þá innan landhelgislinunnar. Þessi niðurstaða styðst og við mælingu varðbátsins kl. 3.10, en samkvæmt þeirri staðarákvörðun, sem mörkuð hefir verið á sjóupprátt bæði af varðbátsforingjanum og forstöðumanni stýrimannaskólans, var varðbáturinn þá enn innan landhelgislinunnar og miðunarlinan frá honum til skips kærða þá sömuleiðis öll innan landhelgislinunnar.

Staðurinn, sem skip kærða nam að lokum staðar á, og staðarákvörðun var gerð við kl. 3.35, hefir mælt 0.5 sjómíliur utan landhelgislinunnar. Í skýrslu foringja varðbátsins til lögregluréttarins, sem hann og báðir stýrimenn varðbátsins hafa staðfest í réttinum, er skýrt frá því, að frá því að fyrst sást til skips kærða frá varðbátnum, kl. 2.54, og þar til það hafði stöðvazt að fullu, kl. 3.31, hafi það jafnan haft norðaustlæga stefnu út frá landi. Kærði telur sig hafa haft slíka stefnu aðeins síðustu 12—13 mínúturnar, en áður hafi hann togað um hálf tíma í norðvestlæga stefnu. Kærði hefir í ýmsum atriðum verið reikull í framburði sínum fyrir réttinum, og getur framburður hans um stefnu skips hans á ofangreindum tíma ekki hnekkkt framangreindri skýrslu yfirmanna varðbátsins, sem er embættisskýrsla og hefir sönnunargildi sem slík. Styður því siglingastefna togarans eftir kl. 2.54, samanborin við tökustaðinn, niðurstöðu framan­greindra athugana varðbátsins kl. 2.54 og 3.10, þ. e., að togarinn hafi þá verið innan landhelgislinunnar.

Kærði hefir viðurkennt, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum síðustu klukkustundina áður en skip hans var stöðvað af varðbátnum. Hinsvegar

hefir hann ekki viljað kannast við, að skip hans hafi á þessum tíma farið inn fyrir landhelgislinuna. Skýrir kærði svo frá, eins og nánar greinir í dómi lögregluréttarins, að hann hafi sett út fiskidúfl utan landhelgi, áður en hann kastaði botnvörpu í þetta sinn. Hefir kærði sjálfur ákveðið stað þann, þar sem hann kveðst hafa sett dúflið, og gerði varðbáturinn staðarákvörðun þar þann 26. ágúst 1937 kl. 5.10. Er ágreiningslaust, að staður þessi hafi mælt vera hálfa sjómílu utan landhelgi. Í lögregluréttinum lýsti kærði því yfir í fyrstu, að vörpunni hafi verið kastað rétt fyrir utan dúflið, og stýrimaður togarans lýsti því yfir fyrir réttinum, fyrst er hann var um þetta spurður, að kastað hafi verið við fiskidúflið. Þá hefir bátsmaður á togaranum borið það, og ekki frá því hvikað, og staðfest með eiði, að vörpunni hafi verið kastað þétt við dúflið að utanverðu, og svo nálægt, að þeir á togaranum hafi þá rétt verið lausir við akkeri dúflsins. Síðar breytti kærði framburði sínum á þá leið, að vörpunni hafi verið kastað $1\frac{1}{2}$ sjómílu fyrir utan dúflið, og kveðst hann kalla það rétt við dúflið, og stýrimaðurinn breytti einnig framburði sínum um þetta atriði, og skýrði að síðustu svo frá, og vann eið að, að togarinn hafi verið um $\frac{1}{4}$ mílu frá dúflinu, er þeir voru búnir að kasta. Kærði hefir skýrt svo frá, að fyrst eftir að hann byrjaði að kasta vörpunni og toga, þá hafi hann siglt í 20 mínútur í SSV, það er í áttina til lands, og með áætluðum 6 mílna hraða á klst. fyrstu 10 mínúturnar, og síðan í næstu 10 mínútur með áætluðum $2\frac{1}{2}$ —3 mílna hraða á klst. En samkvæmt því hefði skipið átt að nálgast land á þeim tíma um allt að $1\frac{1}{2}$ sjómílu. Sé nú gengið út frá því, sem líklegast er, að

fyrstu framburðir kærða og skipverja hans um það, hvar byrjað hafi verið að kasta vörpunni, séu réttir, þar sem þeir eru í fullu samræmi hver við annan, þá getur ekki hjá því farið, að skip kærða hafi verið komið alllangt inn í landhelgina 20 mínútum eftir að byrjað var að kasta. Styður þetta því einnig niðurstöðu þá, er varðbáturinn komst að um það, að togari kærða hafi verið að veiðum í landhelgi, er oftnefndar athuganir voru gerðar á varðbátnum kl. 2.54 og 3.10.

Samkvæmt framansögðu þykir vera komin fram lögfull sönnun í málinu fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi. Má því staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að sektin er ákveðin, með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, sem er 49.60, 20200 krónur, og komi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, einfalt fangelsi í 7 mánuði.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst 20200 krónur, og komi í stað hennar 7 mánaða einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Harry Cecil Hall, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-

flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Péturs Magnússonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu 27. ágúst 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn skipstjóra Harry Cecil Hall á togaranum G. Y. 458 „St. Minver“ frá Grimsby.

Málsatvik eru þessi: Sunnudaginn hinn 22. ágúst 1937 var varðbáturinn „Hafaldan“ staddur út af Melrakkanesi.

Kl. 2.40 f. h. var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Raufarhafnarviti $\neq$ Melrakkanesi og hornið mælt í austurkantinn á Afrétt 106°, og haldið þaðan í réttvisandi stefnu 120°.

Kl. 2.54. Þegar Viðarfjall $\neq$ austurkanti á Afrétt, sást ljóslaust skip á stjórnborða, sem miðað í réttvisandi stefnu 129°. Var þá sett á fulla ferð og haldið í áttina til skipsins, sem hafði norðaustlæga stefnu, og sást skömmu síðar, að það var togari.

Kl. 3.10 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Óttars-hnjúkur gengur undir Viðarfjall $>$ mælt í Súlunes 67° 10' og samtímis mælt hornið milli Viðarfjalls og togarans 111° 40'.

Kl. 3.11 gefið stöðvunarmerki. Skotið lausu fallbyssu-skoti. Kl. 3.13 gefið stöðvunarmerki. Skotið lausu fallbyssu-skoti. Kl. 3.20 gefið aftur stöðvunarmerki með lausu fallbyssuskoti.

Kl. 3.25 sást, að togarinn byrjaði að draga inn dragstrengina og einnig að hann var að veiðum með stj.b.vörpu. Frá því togarinn sást, togaði hann allt af út.

Kl. 3.31 var komið að bakborðshlið togarans, þar sem hann var að draga inn vörpuna, og látin þar út bauja.

II. stýrimaður og háseti frá varðbátinum fóru um borð í togarann. Þegar togarinn var búinn að draga inn vörpuna, lagðist hann fyrir akkeri.

Kl. 3.35 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við baujuna:
Svinalækjartangi

> 68° 32'

Sauðaneskirkja

> 95° 43'

Viðarfjall

Dýpi 95 metrar.

Var haft tal af skipstjóra togarans og honum bent á, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi og yrði að fylgjast með til dómarans.

Kl. 4.00 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun, þar sem togarinn lá fyrir akkeri:

Svinalækjartangi

> 67° 55'

Sauðaneskirkja

> 97° 48'

Viðarfjall

Skipstjórinn á togaranum var við síðustu staðarákvörðunina og segir hann, að hún sé rétt, en um þær staðarákvarðanir, sem hann ekki var við, getur hann að sjálfsögðu ekki borið, en neitar ákveðið, að hann hafi verið innan landhelginnar.

Eftir að próf höfðu verið haldin í málinu var varðbáturinn „Hafaldan“ miðvikudaginn 25. ágúst kl. 13.37 sendur til þess að athuga fiskibauju þá, sem skipstjórinn á togaranum hafði sett út, og rannsóknin hafði allmikið snúist um, svo og að rannsaka mið þau á landi, er skipstjórinn á togaranum hafði miðað við.

Með í ferðinni var skipstjóri togarans Harry Cecil Hall og aðstoðarmaður hans, Morten Jóhannessen.

Hinn 26. ágúst var komið á Þistilfjörð. Kl. um 4.00 f. h. byrjað að leita að fiskibaujunni. Kl. 4.40 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Svinalækjartangi

> 75° 10'

Sauðaneskirkja

> 100° 05'

Viðarfjall

Þá sáust bakkarnir vestan við Grenjanes, svo hægt var að miða. Þá var sett á hæga ferð og kl. 4.41 eru bakkarnir miðaðir SSV eftir kompás, var þá snúið út um og stýrt

NNA og gáð vel alstaðar í kring að baujunni og leitað með sjónauka, en engin bauja var sjáanleg.

Var því næst haldið aftur inn, þar til komið var á miðið, þar sem baujan átti að vera eftir tilsögn skipstjórans á togaranum, og var þar kl. 5.10 gerð eftirfarandi staðar-ákvörðun:

Svinalækjartangi

> 77° 32'

Sauðaneskirkja

> 94° 43'

Viðarfjall

Dýpi 70 metrar.

Þessar mælingar gerði skipstjóri varðbátsins, I. stýrimaður hans og skipstjóri Morten Jóhannessen, og bar mælingunum fullkomlega saman hjá þeim öllum.

Því næst voru athugaðar staðarákvarðanir, er gerðar höfðu verið við togarann St. Minver G. Y. 458, er hann var tekinn fyrir landhelgisveiðar hinn 22. ágúst s. l.

Staðarákvarðanir mældar kl. 3.35 og kl. 4.00, sem skráðar eru á kæruskjali frá varðbátinum hinn 23. ágúst.

Skipstjóri M. Jóhannessen viðurkenndi mælingarnar fullkomlega réttar samkvæmt kæruskjali og sömuleiðis eftir sögn skipstjóra togarans, eftir því sem hann sagði honum til.

Niðurstaðan af þessari ferð var því sú, að það var viðurkennt af skipstjóránnum á togaranum, að fiskibaujan, sem hann áður hafði haldið fram, að væri eina mílu undan landhelgislínunni, og stýrimaður haldið fram, að hefði verið hálfa aðra mílu undan landhelgislínunni, væri hálfa mílu fyrir utan landhelgislínuna.

Skipstjórinn á togaranum hafði haldið fyrst fram, að hann hefði byrjað að kasta rétt hjá baujunni. Síðan skýrði hann svo frá, að með því meinti hann hálfa aðra mílu fyrir utan baujuna. Bátsmaðurinn, sem eiðfestur hefir verið, hefir aftur á móti haldið því fram, að þeir hafi kastað rétt hjá baujunni. Stýrimaður sagði í fyrstu, að kastað hefði verið við baujuna, og síðar sagði hann, að þar með meinti hann 30—40 faðma frá baujunni, en áður en hann var eiðfestur breytti hann framburði sínum á þá leið, að hann með 30—40 föðmum hefði átt við dýpið við baujuna, en hinsvegar sagði hann, að þegar þeir hefðu verið búnir að kasta, hefðu þeir verið kvartmílu frá baujunni.

Samkvæmt skýrslu þeirri, er skipstjórinn á togaranum gaf um siglinguna, sigldi hann á meðan hann var að kasta og toga 20 mínútur í SSV, sem liggur inn að landi, og með þeim hraða, sem hann hefir áætlað, eða 6 mílum á klukkutíma á meðan hann var að kasta og 3 mílum á kl. tíma meðan hann var að toga, en hvort um sig tók 10 mínútur, þá hefir han siglt 1.5 mílur inn að landinu, en með þeim hraða hlaut hann, ef hann hefði kastað við baujuna, að vera kominn inn í landhelgina.

En samkvæmt hinni síðari staðhæfingu hans og samkvæmt hinum margbreytta framburði stýrimannsins, hefði hann átt að vera fyrir utan landhelgina, en ef framburður bátsmannsins hefði verið lagður til grundvallar um, að þeir hefðu kastað rétt við baujuna, þá hefði togarinn verið kominn inn í landhelgina.

Þar sem framburður skipstjórans á togaranum hefir verið mjög á reiki, en hinsvegar mælingar varðbátsins í engu hraktar, samanber og skýrslu hans um það, að hann hafi séð togarann á stb., en ef hann hefði verið utan við landhelgina, virðist hann hafa átt að vera á bb., séð frá varðbátnum, þá þykir sjálfsagt að leggja skýrslu og mælingar varðbátsins til grundvallar, en samkvæmt því er þá kærði orðinn brotlegur við fiskiveiðalöggjöfina. Að því er ljósinn snertir, þá upplýstist það við skoðunargerð, er fram fór á Akureyri, að þau höfðu verið í ólagi. Rétt þykir að taka fram, að kærði stöðvaði ekki strax, er honum var gefið stöðvunarmerki.

Samkvæmt framanskráðu hefir kærði brotið að álitu réttarins gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það, hæfilega ákveðin með tilliti til, að hér er um fyrsta brot að ræða og með hliðsjón af, að dagengi krónunnar er kr. 49.78, kr. 25000.00, sem rennur í landhelgisjóð Íslands og greiðist innan 4 vikna, en fáist sektin ekki greidd innan þess tíma, ber kærða að afplána hana með einföldu fangelsi í 11 mánuði.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs í áður greindum togara vera upptækt, og andvirði renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað af málinu, sem er og verður.

Það vottast, að á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Harry Cecil Hall, skipstjóri á togaranum G. Y. 458, „St. Minver“ frá Grimsby, á innan 4 vikna að greiða sekt, að upphæð kr. 25000.00, til landhelgisjóðs Íslands, en afpláni hana með 11 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd innan þess tíma.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli allur innanborðs í togaranum G. Y. 458 „St. Minver“ frá Grimsby vera upptækt gert, og andvirðið renna í landhelgisjóð.

Kærði greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. apríl 1938.

Nr. 109/1937. Réttvísinn og valdstjórnin
gegn

Ólafi Kalstað Þorvarðssyni.

Gjaldþrotabrot.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt að leggja fyrir rannsóknardómarann að kveðja löggiltan endurskoðanda til þess að rannsaka bókhald ákærða. Ber endurskoðanda þeim, sem kvaddur verður, að leitast við að staðreyna orsakir reksturshallans í verzlun ákærða og, ef það tekst ekki, þá að kveða upp álit sitt um það, að hve miklu leyti gallar á bókhaldinu kynnu að valda því, að orsakir reksturshallans verða ekki staðreyndar. Ennfremur skal endurskoðandinn afla vitneskju um það,